

Ed.

981. Frumvarp til laga

[313. mál]

um steinullarverksmiðju.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

2. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við láns-
kjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánunum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárbörf vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.